

Rangárþing eystra  
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 12. desember 2019  
UST201912-041/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing - Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020 - 2032 - Heildarendurskoðun**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

#### **Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna**

Í lýsingu kemur fram að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð til viðmiðunar í stefnumörkun sveitarfélagsins og telur Umhverfisstofnun það jákvæða nálgun.

Sjálfbær þróun er stefna stjórvalda sem miðar að því að fullnægja þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Markmiðið er að skila umhverfinu í jafn góðu eða betra ásigkomulagi til komandi kynslóða.

Á bls. 19 í töflu 2 er sett fram yfirlit yfir umhverfisþætti, matssurningar og umhverfisviðmið og telur Umhverfisstofnun matssurningarnar vera gott veganesti inn í skipulagsvinnuna sem framundan er. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hvort tillagan rýri umhverfisþætti eins og dýralíf, gróður, vatn, náttúruminjar, landslag og loftslag og hvort tillagan sé því í samræmi við heimsmarkmiðin og hugmyndafræðina um sjálfbæra þróun.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi verndun á vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar, vistgerðir sem hafa verndargildi, búsvæði fugla þá sérstaklega ábyrgðartegunda Íslands og fugla á válista o.fl. með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

#### **Svæði á náttúruminjaskrá**

Í greinargerð kemur fram að í aðalskipulagsvinnunni verður endurskoðuð stefna um verndarsvæði vegna náttúrufars og afmörkun verndarsvæða verður uppfærð.

Umhverfisstofnun í samstarfi við sveitarfélagið vinnur nú að endurnýjun friðlýsingar Skógarfoss og er sú vinna hafin, sem er ætlað að aðlaga friðlandsmörkin að breyttum farvegi Skógará.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um friðlýst svæði í greinargerð skipulagstillögunnar og þau sýnd á uppdrætti sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að deiliskipulagstillögur innan friðlýstra svæða séu unnar í samstarfi við Umhverfisstofnun þar sem stofnunin annast umsjón og rekstur á friðlýstum svæðum og veitir leyfi til framkvæmda á þeim sbr. lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Skipulagstillögur skulu ávallt vera í samræmi við friðlýsingarskilmála friðlýstra svæða. Auk þess skal ávallt leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan friðlýstra svæða.

Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að tillagan taki mið af 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem segir: „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*“

### Sérstök vernd

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eins og votlendi, birkí, hraun og fossar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillöggunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd þeirra vistkerfa og jarðmyndanna sem falla undir 61. gr. laganna og hvernig stefnan sé í samræmi við ákvæði laganna.

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni tillögunnar sé m.a að skilgreina aðgerðir til kolefnisbindingar, svo sem með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis.

Umhverfisstofnun bendir á að hafa ber í huga að skógrækt og landgræðsla geti haft neikvæð áhrif á jarðminjar, mikilvægar vistgerðir, búsvæði fugla og ásýnd svæða.

### Vistgerðir

Í greinargerð er gerð grein fyrir tengslum við aðrar áætlanir og alþjóðlega samninga eins og Ramsar- og Bernarsamninginn. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan sveitarfélagsins eru vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar. Starungsmýrarvist er dæmi um vistgerð innan sveitarfélagsins sem hefur mjög háttverndargildir með ríkulegur

fuglalífi þar sem algengustu varpfuglar eru m.a. lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og þúfutittlingur (*Anthus pratensis*).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnotkun á svæðum vistgerða með hátt verndargildi og mikilvægum búsvæðum fugla og hvort stefna landnotkunar mun rýra svæðin.

### **Mikilvæg fuglasvæði**

Umhverfistofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru mikilvæg fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ, sem kallast Suðurlandsundirlendi.

Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á válista og ábyrgðartegund Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla> )

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson segir m.a. að talað er um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti enhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar bera mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla, sem annað hvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fer hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað er við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist ábyrgðartegund.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

### **Vegir í náttúru Íslands**

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúnna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Slik vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnun þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að sveitarfélagið vinni tillöguna í samráði við Umhverfisstofnun á vinnslustigi aðalskipulagstillögunnar.

Í 3. mgr ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skránnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríksins, Landmælingar Íslands, samtök útvistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðapjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

## Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um fráveitumál í tillögunni og bendir stofnunin á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála er í sveitarféluginu, þar sem kæmi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert er ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á, að ef þörf sé á úrbótum í fráveitumálum og þá þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta sé.

## Tillaga að framkvæmdaráætlun (B-hluta)

Í greinargerð kemur fram að Náttúruminjaskrá og Náttúruverndaráætlun verða rýndar með hliðsjón af hugsanlegum áhrifum þeirra á mótu aðalskipulagsins.

Umhverfisstofnun vill benda að innan sveitarfélagsins er svæði á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) sem kallast Skúmsstaðavatn (í dag fellur hluti svæðisisins undir aðrar náttúruminjar) og Eystri-Rangá (hluti svæðisisins er skilgreint sem hverfisverndarsvæði, Hv-215, í gildandi aðalskipulagi) (<https://naturuminjaskra.ni.is/>). NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja.

Tillagan hefur verið birt á heimasíðu stofnunarinnar og felur í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://naturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagmunaaðila, en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

## Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlotu, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Hægt er að sjá afmörkun vatnslota á <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>

Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlotu. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Í greinargerð kemur fram að smávirkjanir og efnistaka og efnislosun séu framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðaukum 1 og 2 við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Umhverfisstofnun bendir á að m.a. efnistaka í ám og virkjanaframkvæmdir hafa áhrif á vistformfræðilegt ástand áa.

## Þéttbýli – íbúðarsvæði

Í greinargerð kemur fram að töluverð ásókn hefur verið í uppskiptingu jarða og byggingu stakra íbúðarhúsa á landbúnaðarlandi tengdum og ótengdum atvinnuuppgöggingu í næsta nágrenni og telur sveitarfélagið ástæðu til að endurskoða skilmála um slíka uppbyggingu.

Í kafla 3.2.1 um vöxt þéttbýlisstaða í Landsskipulagsstefnu segir: „Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.“

Umhverfisstofnun tekur undir sem kemur fram í landsskipulagsstefnu og bendir á að útþensla byggðar getur haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig stefnan samræmist kafla 3.2.1 í Landsskipulagsstefnu.

## Vindorka

Það er mat Umhverfisstofnunar að frekar en að hvert sveitarfélag ákveði að staðsetja vindmyllur hvert í sínu sveitarfélagi, eigi frekar að líta til landsins í heild og velja svæði

sem hentar til slíkrar orkuframleiðslu þar sem hægt er að koma fyrir mjög mörgum vindmyllum í stað þess að dreifa þeim um land allt.

Það er mat Umhverfisstofnun stakar vindmyllur sem eru að jafnaði 20 m háar geti haft neikvæð áhrif á verndarsvæði, þar sem vindmyllur geta skert ásýnd og verndargildi svæðisins og upplifun gesta sem það heimsækir og komandi kynslóða.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefansson  
sérfræðingur